



Leitin að grenndargralinu

Þróunarverkefni í samfélagsfræðikennslu á unglíngastigi

Nafn skóla: Giljaskóli.

Nafn verkefnis: *Leitin að grenndargralinu.*

Nafn verkefnisstjóra: Brynjar Karl Óttarsson

Markmið verkefnis: Að nemendur öðlist aukna grenndarvitund og jákvæðari sýn á nám. Með verkefninu er stefnt að aukinni samvinnufærni, meira frumkvæði og sjálfstæðari vinnubrögðum nemenda. Með verkefninu er nemendum boðið upp á þennan valkost sem nýstárlega nálgun í námi. Vonandi verður lokaafurðin í formi fróðari og ánægðari nemenda.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum: Saga og menning heimabyggðar er kynnt fyrir nemendum með vettvangsferðum og rannsóknarleiðangrum. Reynt er að skapa aðstæður fyrir aukinni þekkingu á sögulegum atburðum úr nærumhverfinu á vettvangi atburðanna sjálfrar. Hefðbundið fyrirkomulag skyldunáms er brotið upp með frjálsri þátttöku og sveigjanlegum vinnutíma. Reynt er að fá sem flesta til þátttöku á eigin forsendum án utanaðkomandi þrýstings og þess í stað reynt að virkja innri námshvöt. Leitast er við að ýta undir frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð. Þá er reynt að skapa jákvætt viðmót gagnvart námi í gegnum leik en um leið að efla samtakamátt og samskiptatækni með keppnisfyrirkomulagi.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins:

Áætlun stóðst í öllum grundvallaratriðum. Þó var eitt sem stóðst ekki upphaflega áætlun en það voru vinnustundirnar sem fóru í undirbúning verkefnisins af hálfu verkefnisstjóra. Öflun heimilda, lestur og yfirferð, vettvangsferðir og önnur vinna í tengslum við gerð þrautanna. Allt þetta tók mun lengri tíma en áætlað var. Hluta skýringarinnar má rekja til umfangs og stærðar verkefnisins þetta árið miðað við tvö hin fyrstu. Þrautagerð er orðin mun tímafreakari en hún var fyrstu tvö árin. Þessa þróun sá verkefnisstjóri ekki fyrir þegar umsókn til Sprotasjóðs var send inn síðstliðið vor.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins:

Helstu hindranir sem urðu við framkvæmd verkefnisins komu upp í tengslum við tímaáætlanir. Til þess að verkefnið gengi upp með þeim hætti sem lagt var af stað með í upphafi var mikilvægt að tímaáætlanir stæðust. Þar sem verkefnið fer fram samtímis í þremur skólum þarf umsjónarmaður að sjá til þess að allt sé klárt á réttum tíma. Hann ber ábyrgð á að eðlileg framvinda sé á verkefninu, þrautir komi upp á sínum stað vikulega, mat á úrlausnum fari fram reglulega, heimasíða verkefnisins sé uppfærð með reglulegu millibili o.s.frv. Sú staðreynd að verkefnið er unnið samtímis í þremur skólum gerir vinnuna þessu tengdu enn erfiðari. Ljóst er að umsjónarmaður þarf að vera *á tánum* á meðan verkefninu stendur. Einhver smávægileg vandamál komu upp vegna þess að umsjónarmaður náði ekki að sinna hverju einasta verkefni sem vinnunni fylgir. Allt gekk þetta þó stóráfallalaust fyrir sig og öll vandamál sem upp komu voru einfaldlega leyst.

Helsti ávinningur af verkefninu, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu.

Einn helsti ávinningur af verkefninu er að hér er um nýja nálgun að ræða í námi barna á skólaskyldualdri og um leið valkost fyrir krakka á unglingsstigi. Farnar eru nokkuð óhefðbundnar leiðir við kennslu. Námið er fært meira út fyrir kennslustofuna yfir á vettvang þeirra atburða sem verið er að fjalla um hverju sinni. Slíkt fyrirkomulag býður upp á fjölmarga möguleika þegar kemur að því að gera nám barnanna áhugaverðara.

Fjölmargir hjálpuðu krökkunum að leysa verkefnið sem lögð voru fyrir. Ömmur, afar, foreldrar og aðrir lögðu sitt af mörkum við að aðstoða krakkana. Við lokaverkefnið nutu þátttakendur aðstoðar fjölda manns og voru m.a. í símasambandi við hina ýmsu fræðimenn á Akureyri. Þessi samvinna er sennilega eitt það jákvæðasta og skemmtilegasta sem undirritaður upplifði í tengslum við verkefnið haustið 2010.

Telja má víst að verkefnið hafi orðið til þess að auka grenndarvitund þeirra sem tóku þátt í einhverri mynd.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Verkefnið hefst í byrjun september og því lýkur um miðjan nóvember. Um er að ræða 10 vikur og á því tímabili litast skólastarfið að einhverju leyti að því, sérstaklega hjá unglिंगastiginu. Verkefnið var keyrt í fyrsta skipti haustið 2008 og því er það rétt svo að slíta barnsskónum. Haustið 2010 tóku þrír skólar á Akureyri þátt og hefur fjórði skólinn lýst því yfir að hann ætli að taka þátt haustið 2011. Vegur þess fer vaxandi og fleiri og fleiri innan þeirra skóla sem taka þátt veita því athygli, jafnt starfsmenn sem nemendur. Ef heldur áfram sem horfir má telja líklegt að verkefnið muni setja enn meiri svip sinn á skólalífið en nú þegar er orðið.

Niðurstöður verkefnisins:

Mikil ánægja ríkir meðal verkefnisstjóra verkefnisins og aðstoðarmanna hans. Rúmlega 50 krakkar af unglिंगastigi þriggja grunnskóla Akureyrarbæjar hófu leit að grenndargralinu í byrjun septembermánaðar. Við þann hóp bætist sá hópur fólks sem með einum eða öðrum hætti aðstoðaði krakkana næstu 10 vikurnar. Þátttakendur létu vel af verkefninu og er almennt álit þeirra sem undirritaður hefur heyrt í að með þátttöku hafi þeir öðlast aukna grenndarvitund og tileinkað sér sjálfstæðari vinnubrögð. Er það til marks um að markmið verkefnisins hafi náðst, í það minnsta að einhverju leyti. *Leitin að grenndargralinu* er í grunninn byggð upp á 10 verkefnum sem fjalla um sögu og menningu heimabyggðar. Þátttakendur leysa eitt verkefni á viku og fer umsjónarmaður yfir lausnirnar jafnóðum. Með þesskonar símati má einnig gera sér betur grein fyrir því hvort börnin eru að tileinka sér nýja þekkingu eður ei. Verkefnið mun halda áfram veturinn 2010-2011. Vonir standa til að fjórði skólinn á Akureyri taki þátt. Ekki er loku fyrir það skotið að fleiri bætist í hópinn ef marka má þau jákvæðu viðbrögð sem verkefnið hefur fengið síðasta árið.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum:

Haustið 2010 var verkefnið í boði fyrir nemendur á unglिंगastigi í þriðja skipti á jafnmörgum árum. Á þeim tíma hefur ýmiskonar kynningarstarfsemi vegna verkefnisins farið fram. Vorið 2009 var undirritaður með málstofu á haustþingi BKNE þar sem verkefnið var kynnt. Haustið 2010 voru umsjónarmenn Leitarinnar með tvær málstofur á ráðstefnunni *Samræða milli*

skólastiga. Gefin hafa verið út fréttablöð við lok verkefnisins árin 2009 og 2010. Þeim var dreift í alla grunn- og framhaldsskóla á Akureyri. Heimasíða verkefnisins flytur reglulega fréttir af gangi mála og þar er jafnframt hægt að lesa sér til um sögu, hugmyndafræði og leikreglur þess (www.grenndargral.is). Heimasíður þátttökuskólanna segja reglulega frá verkefninu auk þess sem aðrar stofnanir og/eða einstaklinga hafa sagt fréttir af því. Í *Skólavörðunni*, málgagni KÍ (3. tbl. árg. 2010), birtist grein um verkefnið.

Áætlað er að halda áfram kynningu á verkefninu, afrakstri þess og helstu niðurstöðum svo lengi sem það fær súrefni til að vaxa og dafna. Búast má við frekari blaðaskrifum, fyrirlestrum og annarri kynningarstarfsemi á *Leitinni að grenndargralinu* á komandi misserum.

Giljaskóli, Akureyri

nóvember 2010

Brynjar Karl Óttarsson verkefnisstjóri